

SAMÞYKKT

um hunda- og kattahald í Svalbarðsstrandarhreppi.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Samþykkt þessi gildir um hunda- og kattahald í sveitarféluginu Svalbarðsstrandarhreppi. Hunda- og kattahald er háð leyfi sveitarstjórnar og bundið þeim skilyrðum, sem nánar eru tilgreind í samþykkt þessari. Eigendur og umráðamenn þessara dýra skulu fara að fyrirmælum samþykktarinnar í einu og öllu.

2. gr.

Umsókn um leyfi til hunda- og kattahalds skal senda Svalbarðsstrandarhreppi. Sótt skal um leyfi fyrir hund eða kött, sem náð hefur 3 mánaða aldri, innan eins mánaðar eftir að hann var tekinn inn á heimilið. Eigandi og umráðamaður skal vera lögráða og með lögheimili í sveitarféluginu, leyfið er persónubundið og óframsejlanlegt.

Á umsókn skal skrá nafn og lögheimili eiganda og umráðamanns, heiti hunds eða kattar, aldur, kyn, tegund, litarhátt, númer örmerkis og eftir atvikum önnur einkenni. Umsókn skal fylgja mynd af viðkomandi dýri. Með umsókn vegna hunds skal auk þess fylgja vottorð um ábyrgðartryggingu viðurkennds tryggingafélags.

Við skráningu skal eiganda eða umráðamanni afhent eintak af samþykkt þessari.

Hafi umsækjandi ítrekað eða gróflega gerst brotlegur við samþykkt þessa, fyrri samþykktir eða samþykktir annarra sveitarfélaga sama efnis, eða lög um velferð dýra er heimilt að hafna umsókn hans.

II. KAFLI

Hundahald.

3. gr.

Hundar skulu vera örmerktir. Þeir skulu auk þess að jafnaði bera hálsól með merki sem að lágmarki sýnir símanúmer eiganda eða umráðamanns.

4. gr.

Sé óskað eftir skráningu hunds á heimili þar sem þegar eru skráðir tveir hundar eða fleiri skal vera til staðar nægt húsrými og hundheld girðing á lóð eiganda eða umráðamanns. Eftirlitsmaður sveitarfélagsins skal taka út aðstöðuna, bæði innan dyra og utan. Við mat á aðstöðu skal taka mið af þeim kröfum sem gerðar eru í reglugerð nr. 80/2016, um velferð gæludýra. Heimilt er að gera árlega úttekt á aðstöðu á kostnað eiganda. Kostnaður vegna úttektar skal greiddur af eiganda eða umráðamanni samkvæmt gjaldskrá, sbr. 15. gr.

Um hundahald í fjöleignarhúsum fer eftir lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús.

Umfangsmikið hundahald, s.s. ræktun og sala hunda, er háð ákvæðum reglugerðar nr. 80/2016, um velferð gæludýra, og er tilkynningarskylt til Matvælastofnunar.

5. gr.

Á skrifstofu sveitarfélagsins skal haldin skrá yfir hunda í sveitarféluginu. Í skránni skulu koma fram allar upplýsingar varðandi skráða hunda, þ.m.t. hvenær hundarnir hafa verið ormahreinsaðir og öll afskipti sem eftirlitsmaður hefur haft af hundunum og eigendum eða umráðamönnum þeirra. Yfirlit yfir skráða hunda skal birt á vefsþvæði sveitarfélagsins.

Hundaeiganda ber að tilkynna um aðsetursskipti. Einnig skal hann tilkynna ef hundurinn deyr eða er fluttur úr sveitarféluginu. Tilkynningar skulu berast eins fljótt og kostur er og eigi síðar en mánuði frá því að tilkynningarskyld breyting verður.

6. gr.

Eigandi eða umráðamaður skulu ávallt gæta þess vel að hundurinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Mælst er til að hundaeigendur sækji hundahlýðninámskeið með hunda sína.

Eigandi er ábyrgur fyrir því tjóni sem hundur hans sannanlega veldur.

Hundur skal aldrei ganga laus á almannafæri í þéttbýli, heldur vera í taumi og í fylgd með aðila sem hefur fullt vald yfir honum eða í tryggu gerði innan lóðar. Hundar á lögbýlum mega ganga frjálsir á landareign eigenda sinna undir tilsjón ábyrgs aðila. Heimilt er að sleppa hundum lausum á auðum svæðum fjarri íbúðarbyggð undir eftirliti umsjónarmanns, án þess þó að gengið sé á rétt viðkomandi landeiganda. Ávallt skal taka tillit til fólks, fugla á varptíma og búfjár þegar hundi er sleppt lausum.

7. gr.

Óheimilt er að hleypa hundum inn í húsrými og inn á lóðir sem fjallað er um í fylgiskjali 3 með reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti, sbr. 19. gr. reglugerðarinnar, sjá þó ákvæði sömu greinar reglugerðarinnar um heimildir fatlaðs fólks með hjálparhunda. Einnig er óheimilt að hleypa hundum á staði þar sem matvæli eru tilreidd, meðhöndluð eða geymd, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistóku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.

Staðir samkvæmt ofangreindu eru meðal annars eftirfarandi:

Vatnsveitur, vatnsból, verndarsvæði þeirra og brunnar.

Skólar, gæsluvellir og íþróttahús.

Kirkjur og söfn.

Gististaðir, veitingastaðir og matvælafyrirtæki.

Sveitarstjórn getur ákveðið að banna eða takmarka umferð hunda um ákveðin svæði á forræði Svalbarðsstrandarhrepps eða sett skilyrði fyrir henni. Skulu þá sett upp leiðbeiningarmerki á áberandi stöðum eða gerðar aðrar nauðsynlegar ráðstafanir til að upplýsa um takmarkanir.

8. gr.

Óheimilt er að hafa hund tjóðraðan án tilsjónar ábyrgs aðila. Þegar hundur er tjóðraður á lóð, skal taumur ekki vera lengri en svo að komast megi óhindrað að aðaldýrum viðkomandi húss. Taumur má ekki vera svo langur að hundur komist út fyrir lóðarmörk.

Óviðkomandi skulu ekki gefa sig að hundum, hvorki með klappi né öðru atferli, nema með leyfi eiganda eða umráðamanns.

Hundahald er óheimilt í húsnæði sveitarfélagsins nema með sérstóku leyfi sveitarstjóra.

9. gr.

Ef hundur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hundinn án tafar.

Eftirlitsmaður með dýrahaldi skal handsama hund sem gengur laus á almannafæri. Ef eigandi finnst ekki skal auglýsa að hundurinn hafi verið tekinn í vörsli, t.d. í staðarblaði og/eða á heimasíðu sveitarfélagsins. Hafi hundsins ekki verið vitjað innan sjö daga frá birtingu auglýsingar skal ráðstafa honum til nýs ábyrgs eiganda eða aflífa hann. Kostnaður vegna handsömunar og vörsli á hundi skal greiddur af eiganda eða umráðamanni.

Eftirlitsmanni er heimilt að fjarlægja hund sem haldinn er í óleyfi. Skal þá eiganda hunds gefinn sjö daga frestur til að sækja um leyfi, nema leyfisleysi sé til komið vegna leyfissviptingar. Hafi eigandi ekki aflað leyfis innan sjö daga er heimilt að ráðstafa hundi til nýs ábyrgs eiganda eða láta aflífa hann.

Ef hundur telst hættulegur getur eftirlitsmaður, í samráði við heilbrigðisfulltrúa, látið aflífa hundinn. Leita skal álits sérfróðs aðila, dýralæknis eða hundabjálfara, áður en ákvörðun um aflífun er tekin.

10. gr.

Eigendur skulu láta ormahreinsa hunda sína árlega og framvísa vottorði þar um á skrifstofu sveitarfélagsins. Jafnframt skal eigandi framvísa staðfestingu á endurnýjun ábyrgðartryggingar. Skal þetta gert eigi síðar en 31. desember ár hvert. Hvatt er til reglulegra bólusetninga hunda gegn helstu smitsjúkdómum.

III. KAFLI Kattahald.

11. gr.

Eigandi og umráðamenn skulu gæta þess að kötturinn valdi ekki hættu, óþægindum eða óþrifnaði né raski ró manna. Ef köttur veldur nágrönnum eða öðrum ónæði, óþrifum eða tjóni, þá er skylt að leita leiða til að koma í veg fyrir slíkt. Kattaeigendur eru ábyrgir fyrir því tjóni sem kettir þeirra sannanlega valda.

12. gr.

Alla ketti skal örmerkja eða eyrnamerkja. Eigendur katta eru að auki hvattir til að merkja köttinn með ól um hálsinn, eða á annan sambærilegan hátt, þar sem fram koma upplýsingar um eiganda, heimilisfang og símanúmer. Eigendum og umráðamönnum katta ber að taka tillit til fuglalífs á varptíma, t.d. með því að hengja bjöllu á ketti og eftir atvikum takmarka útiveru katta.

Um kattahald í fjöleignarhúsum fer eftir lögum nr. 26/1994, um fjöleignarhús.

13. gr.

Ketti skal ormahreinsa að lágmarki einu sinni á ári og ofstar ef þörf krefur. Eigendur skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.

Fress skal gælda fyrir eins árs aldur. Sveitarstjórn getur veitt undanþágu frá skyldu til geldingar ef um er að ræða ketti sem haldnir eru til undaneldis, enda geri eigandi eða umráðamaður viðeigandi ráðstafanir til að kötturinn valdi ekki ónæði.

Eigendur skulu geta framvísað vottorði dýralæknis um ormahreinsun og geldingu ef eftirlitsmaður fer fram á það.

Hvatt er til reglulegra bólusetninga katta gegn helstu smitsjúkdómum.

14. gr.

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna köttinn. Eftirlitsmanni með dýrahaldi er heimilt að handsama kött sem undan er kvartað og/eða ekki er réttilega merktur skv. 12. gr.

Ef eigandi finnst ekki skal auglýsa handsömun kattar, t.d. í staðarblaði og/eða á heimasíðu sveitarfélagsins. Hafi kattarins ekki verið vitjað innan sjö daga frá birtingu auglýsingarinnar skal honum ráðstafað til nýs ábyrgs eiganda eða hann aflífaður. Kostnaður vegna handsömunar og vörslu á ketti skal greiddur af eiganda eða umráðamanni samkvæmt gjaldskrá.

Eftirlitsmanni er heimilt að láta aflífa ómerkta flækingsketti að undangenginni auglýsingu með aðvörun til kattaeigenda.

IV. KAFLI Önnur ákvæði.

15. gr.

Greiða skal árlegt gjald vegna eftirlits með hunda- og kattahaldi samkvæmt gjaldskrá. Í gjaldskrá er einnig heimilt að ákveða gjöld fyrir skráningu, handsömun, geymslu, fóðrun og úttekt skv. 4. gr.

Heimilt er að fella niður eða veita afslátt af skráningar- og leyfisgjöldum fyrir hunda sem notaðir eru til aðstoðar blindu fólk eða fötluðu. Slík undanþága skal vera tilgreind í gjaldskrá.

Sveitarstjórn setur gjaldskrána að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og lætur birta hana í B-deild Stjórnartíðinda.

Nr. 383

22. apríl 2016

16. gr.

Eigendur og umráðamenn hunda og katta skulu sæta skriflegri áminningu fyrir brot á samþykkt þessari. Ítrekaðar áminningar geta leitt til leyfissviptingar.

Eigendur hunda og katta skulu upplýstir skriflega um allar kvartanir undan gæludýrum þeirra.

17. gr.

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra hefur eftirlit með samþykkt þessari. Sveitarstjórn fer með framkvæmd samþykktar þessarar í umboði heilbrigðisnefndar og getur ráðið sérstaka dýraeftirlitsmenn eða falið starfsmönnum sveitarfélagsins hlutverk eftirlitsaðila.

Eftirlitsmaður með dýrahaldi í Svalbarðsstrandarhreppi annast framkvæmd og eftirlit með hunda- og kattahaldi í umboði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra og getur hann leitað aðstoðar löggregluyfirvalda þegar þörf krefur. Um brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með áorðnum breytingum.

18. gr.

Samþykkt þessi staðfestist hér með skv. 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til að öðlast þegar gildi.

Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 22. apríl 2016.

F. h. r.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

Laufey Helga Guðmundsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 10. maí 2016